

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Gjald fyrir enduropnun kr. 1 300,00 (1 618,00)
 Ef fasvikstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Aukaálestur kr. 520,00 (647,00)

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 17, 24. janúar 1990 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 28. júní 1991.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám rafveitna.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins frá og með 1. júlí 1991:

Gjaldskrá heilsölu hækkar um	5,0%
Allir liðir smásölugjaldskrár hækka um	5,0%

nema gjaldskrá fyrir heimtaugar sem breytist ekki.

Heitt vatn frá kyndistöð á Höfn hækkar um	5,0%
---	------

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám rafveitna frá og með 1. júlí 1991:

Gjaldskrá Rafveitu Stokkseyrar, nr. 51, 17. janúar 1991:
 Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 5,0%

Gjaldskrá Rafveitu Eyrarbakka, nr. 52, 17. janúar 1991:
 Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 5,0%

Iðnaðarráðuneytið, 28. júní 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.